

Héraðsdómur Reykjaness

Úrskurður 7. október 2019

Mál nr. E-1119/2018:

Skjólgarður ehf.

(Friðrik Árni Friðriksson lögmaður)

Hafið - fiskverslun ehf.

(Þórdís Bjarnadóttir lögmaður)

gegn

G.S. múrverki ehf. og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Svanhvít Axelsdóttir lögmaður)

Úrskurður

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. september síðastliðinn, er höfðað 10. og 12. nóvember 2018.

Stefnendur eru Skjólgarður ehf., Síðumúla 27, Reykjavík, og Hafið - fiskverslun ehf., Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Stefndu eru G.S. múrverk ehf., Hvassabergi 4, Hafnarfirði, og Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur Skjólgarðs ehf. eru að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda G.S. múrverks ehf. vegna tjóns hans sem er afleiðing þess að við flotun stefnda G.S. múrverks ehf., um mánaðamótin mars-apríl 2017, á gólfi í eignarhluta í kjallara Hlíðasmára 8, Kópavogi, fastanúmer [...], merkt [...] í fasteignaskrá, rann flotmúr, annars vegar inn í frárennslisgat undir vegg milli fyrrnefnds eignarhluta og annars eignarhluta í kjallaranum, geymslu með fastanúmer [...], merkt [...] í fasteignaskrá, og yfir í síðarnefnda eignarhlutann, og hins vegar inn í frárennslisgat undir vegg milli fyrrnefnds eignarhluta, merktur [...], og annars eignarhluta í kjallaranum, geymsla með fastanúmeri [...], merkt [...] í fasteignaskrá og eining [...] í eignaskiptayfirlýsingu, og ofan í niðurfall sem staðsett var undir fyrrnefndum vegg og þaðan ofan í lagnir Hlíðasmára 8.

Jafnframt gerir stefnandi Skjólgarður ehf. þá kröfu á hendur báðum stefndu, G.S. múrverki ehf. og Vátryggingafélagi Íslands hf., að viðurkennt verði að stefnandi Skjólgarður ehf. eigi rétt til vátryggingarbóta úr ábyrgðartryggingu stefnda G.S. múrverks ehf. hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna tjóns stefnanda Skjólgarðs ehf. sem er afleiðing bótaskyldrar háttsemi stefnda G.S. múrverks ehf.

Loks krefst Skjólgarður ehf. málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu.

Dómkröfur Hafsins - fiskverslunar ehf. eru að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda G.S. múrverks ehf. gagnvart stefnanda Hafinu - fiskverslun ehf. vegna tjóns hans sem er afleiðing þess að við flotun stefnda G.S. múrverks ehf., um mánaðamótin mars-apríl 2017, á gólfi í eignarhluta í kjallara Hlíðasmára 8, Kópavogi, fastanúmer [...], merkt [...] í fasteignaskrá, rann flotmúr, annars vegar inn í frárennslisgat undir vegg milli fyrrnefnds eignarhluta, merktur [...] í fasteignaskrá, og annars eignarhluta í kjallaranum, geymslu með fastanúmer [...], merkt [...] í fasteignaskrá, og yfir í síðarnefnda eignarhlutann, og hins vegar inn í frárennslisgat undir vegg milli fyrrnefnds eignarhluta, fastanúmer [...], merkt [...] í fasteignaskrá, og annars eignarhluta í kjallaranum, geymslu með fastanúmer [...], merkt [...] , og ofan í niðurfall sem staðsett var undir fyrrnefndum vegg og þaðan ofan í lagnir.

Jafnframt gerir stefnandi Hafið - fiskverslun ehf. þá kröfu, á hendur stefndu G.S. múrverki ehf. og Vátryggingafélagi Íslands hf., að viðurkennt verði að stefnandi Hafið - fiskverslun ehf. eigi rétt til vátryggingarbóta úr ábyrgðartryggingu stefnda G.S. múrverks ehf. hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna tjóns stefnanda Hafsins - fiskverslunar ehf. sem er afleiðing bótaskyldrar háttsemi stefnda G.S. múrverks ehf.

Loks krefst Hafið - fiskverslun ehf. málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að sök verði skipt og að stefnendum verði gert að bera mestan hluta tjónsins sjálfir.

Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Málsatvik

Í máli þessu er deilt um tjón stefnanda sem varð við flotun á gólfi í kjallara að Hlíðasmára 8 í Kópavogi. Flotmúr flæddi í gegnum frárennslisgöt sem staðsett voru undir vegg í viðkomandi rými. Er stefnandi Skjólgarður ehf. eigandi að fimmtán eignarhlutum í fjöleignarhúsinu Hlíðasmára 8, þar af eru níu eignarhlutar í kjallara hússins sem

Skjólgarður ehf. leigir út til ýmissa aðila, meðal annars til stefnanda Hafsins - fiskverslunar ehf., sem starfrækir fiskverslun á fyrstu hæð hússins.

Samkvæmt leigusamningi 10. janúar 2017 leigir Skjólgarður ehf. stefnanda Hafinu - fiskverslun tvo eignarhluta í kjallara hússins með fastanúmer [...] (merktur [...]) og fastanúmer [...] (merktur [...]). Fyrirnefndi eignarhlutinn er skráður 160,2 m² að flatarmáli en sá síðarnefndi 56,2 m². Þegar atvik máls þessa urðu nýtti Hafið fyrirnefnda tvo eignarhluta í kjallaranum í þágu fiskverslunar sinnar, meðal annars til geymslu á birgðum. Eignarhluti [...] liggur að öðrum eignarhlutum í kjallaranum, þar á meðal öðrum eignarhluta í eigu Skjólgarðs ehf. með fastanúmer [...] (merktur [...]) og eignarhluta með fastanúmer [...], merkt [...] í fasteignaskrá, og eining [...] samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.

Fyrirgreindir þrjú eignarhlutar, annars vegar [...] og hins vegar [...] og [...] ([...]), eru aðskildir með vegg. Undir þeim vegg voru, á þeim tíma sem atvik málsins gerðust, tvö frárennslisgöt. Annað frárennslisgatið var undir þeim hluta veggisins sem aðskilur eignarhluta [...] og [...]. Hitt frárennslisgatið var undir þeim hluta veggisins sem aðskilur eignarhluta [...] og [...]. Fyrir frárennslisgötunum voru stálaristar, og voru götin um það bil 25 cm löng og um það bil 10 cm á hæð frá gólfi og upp að veggnum.

Um mánaðamótin mars/apríl 2017 fékk stefnandi Hafið-fiskverslun ehf. stefnda G.S. múrverk ehf. til að flota gólf í eignarhluta [...], sem Hafið leigir af Skjólgarði ehf. Þegar starfsmenn G.S. múrverks ehf. komu á vettvang hafði pípulagningarmaður lagt rör ofan á gólfið sem átti að flota yfir. Benti hann starfsmönnum G.S. múrverks ehf. á niðurföll í rýminu sem lokað var á venjulegan hátt áður en gólfið var flotað. Veggir í rýminu munu vera af venjulegri gerð og sá veggur sem snýr að öðrum rýmum í kjallaranum er venjulegur eldvarnarveggur sem er merktur sem slíkur á teikningu af kjallaranum. Segja stefndu að á veggnum hafi ekki verið sjáanleg nein göt, ristar eða misfellur sem hætta væri á að flotmúr gæti lekið í gegnum og hafi þeim ekki verið bent á að niðurföll væru undir veggnum sem skilur að rýmið [...] og önnur rými í kjallaranum.

Starfsmenn G.S. múrverks byrjuðu að flota innst í rýminu við vegg sem snýr að rými [...] og luku verkinu á um það bil einni og hálfri klukkustund. Við flotun gólfs er steypu dælt á gólfið sem rennur út eins og vatn en verður hart á um það bil 6-8 klukkustundum. Daginn eftir hafði starfsmaður stefnanda Hafsins - fiskverslunar ehf. samband við G.S. múrverk og lét vita af dæld sem hafði myndast innst í rýminu við vegginn sem skilur að rýmin [...] og [...] þar sem byrjað var á verkinu. Bætt var við

flotmúr á þeim stað. Lauk þar með verkinu og 6. apríl 2017 gaf G.S. múrverk ehf. út reikning til Hafsins - fiskverslunar ehf. fyrir því.

Svo fór að flotmúr flæddi inn í frárennslisgöt, annars vegar í gat í veggnum milli eignarhluta [...] og [...] og hins vegar í gat í veggnum milli eignarhluta [...] og [...]. Í fyrra tilvikinu flæddi flotmúrin gegnum gat, sem var opið milli rýmanna, og yfir í eignarhluta [...] og olli þar skemmdum á fasteigninni sjálfri og á lausafjármunum sem þar voru geymdir af hálfu leigutaka eignarhluta [...]. Í síðara tilvikinu flæddi múrinn ofan í niðurfall sem var inni í frárennslisgatinu undir veggnum á milli eignarhluta Skjólgarðs ehf. númer [...] og eignarhluta númer [...], þaðan sem múrinn fór ofan í lagnir hússins, með þeim afleiðingum að lagnirnar stífluðust. Mun vatn og klóak hafa flætt upp úr niðurföllum annars staðar í kjallara hússins, meðal annars í öðrum eignarhlutum Skjólgarðs ehf., og valdið skemmdum á gólfi, veggjum, lausafjármunum og öðrum eignum.

Losa þurfti um stíflur í lögnum hússins, brjóta vegg og gólf í kjallaranum, hreinsa og gera við lagnir með tilheyrandi kostnaði. Telja stefnendur að þeir hafi orðið fyrir ýmsu öðru fjártjóni vegna atviksins, meðal annars missi leigutekna af geymslum í tilviki stefnanda Skjólgarðs ehf. og tímabundinnar rekstrarstöðvunar í tilviki Hafsins - fiskverslunar ehf.

Hafið - fiskverslun ehf. gerði kröfu um að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu stefnda G.S. múrverks ehf. hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. sem hafnaði bótaskyldu með bréfi 3. ágúst 2017. Í bréfinu er vísað til þess að starfsmenn stefnda G.S. múrverks ehf. hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi og því beri G.S. múrverk ehf. ekki bótaábyrgð á tjóninu. Hafið - fiskverslun ehf. skaut afstöðu stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum 13. september 2017. Í álitni nefndarinnar 14. nóvember 2017 segir að Hafið - fiskverslun ehf. eigi ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu stefnda G.S. múrverks ehf. hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Er sérstaklega vitnað til þess að starfsmenn stefnda G.S. múrverks ehf. hefðu ekki fengið upplýsingar um niðurfall undir vegg í rýminu sem átti að flota og beri gögn málsins með sér að niðurfallið hafi ekki sést með berum augum við skoðun á rýminu. Geti G.S. múrverk ehf. því ekki borið bótaábyrgð á tjóninu. Var bótaskyldu Vátryggingafélagsins hafnað.

Þann 23. mars 2018 tilkynnti Skjólgarður ehf. um tjón að Hlíðasmára 8 til Vátryggingafélags Íslands hf. og krafðist greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingum stefnda

G.S. múrverks og Hafsins -fiskverslunar ehf. vegna tjónsins. Byggt var á því að Skjólgarður ehf. hefði orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni vegna þess að flotmúr flæddi gegnum fyrrgreind frárennslisgöt. Bæri Vátryggingafélagi Íslands hf. að bæta það tjón úr ábyrgðartryggingum þeirra sem bæru bótaábyrgð á tjóninu eftir almennum reglum. Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hafnaði bótaskyldu með bréfi 28. maí 2018. Í bréfinu segir meðal annars að hvorki starfsmenn stefnda G.S. múrverks ehf. né starfsmenn Hafsins - fiskverslunar ehf. hafi vitað af niðurfallinu undir veggnum.

Í október 2018 komust stefnendur að samkomulagi um að standa saman að málsókn þessari, enda urðu báðir stefnendur fyrir tjóni vegna framkvæmdar stefnda G.S. múrverks ehf.

Þann 7. nóvember 2018 höfðaði Húsfélagið að Hlíðasmára 8 mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur stefnanda Skjólgarði ehf., stefnda G.S. múrverki ehf. og stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna sama tjóns. Dómur í málinu gekk 12. apríl 2019 og voru stefndu sýknuð af kröfum húsfélagsins.

II

Málsástæður og lagarök stefnenda

Stefnendur krefjast hvor um sig viðurkenningar á bótaskyldu stefndu vegna tjóns hvors stefnanda um sig af völdum stefnda G.S. múrverks ehf. við flötun á gólfi í eignarhluta stefnanda Skjólgarðs ehf. númer [...] í kjallara Hlíðasmára 8, sem fór fram um mánaðamótin mars-apríl 2017.

Kröfur stefnenda á hendur stefnda G.S. múrverki séu reistar á almennum reglum um skaðabætur utan samninga, það er bæði á almennu sakarreglunni og einnig reglunni um vinnuveitandaábyrgð að því marki sem við eigi og að því leyti sem tjón stefnenda sé að rekja til bótaskyldrar háttsemi einstaklinga sem hafi annast verkið af hálfu stefnda G.S. múrverks ehf.

Kröfur stefnenda á hendur stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf., vegna bótaábyrgðar stefnda G.S. múrverks, byggist á ábyrgðartryggingu stefnda G.S. múrverks hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Sú ábyrgðartrygging bæti þriðja manni, það er stefnendum, tjón sem vátryggður veldur með saknæmri og ólögumháttsemi, sem hafi bakað vátryggðum skaðabótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

Í málinu sé því til úrlausnar hvort stefndi G.S. múrverk ehf. hafi í umrætt sinn sýnt af sér skaðabótaskylda háttsemi, sem félagið beri bótaábyrgð á samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, og sem stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. beri

sömuleiðis bótaábyrgð á samkvæmt fyrrnefndri ábyrgðartryggingu og á grundvelli almennra reglna vátryggingarréttar.

Kröfur stefnenda hvors um sig, um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda G.S. múrverks ehf. vegna þess tjónsatviks sem um ræði, séu í báðum tilvikum byggðar á því að stefndi G.S. múrverk hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi, sem baki stefnda G.S. múrverki bótaskyldu gagnvart stefnendum hvorum um sig með því að stefndi G.S. múrverk hafi látið hjá líða að gera viðhlítandi ráðstafanir til að tryggja að flot gæti ekki runnið gegnum fyrrnefnd frárennslisgöt undir vegg milli eignarhluta [...] og [...] annars vegar og eignarhluta [...] og [...] hins vegar.

Afleiðingar fyrrgreindrar vanrækslu stefnda G.S. múrverks ehf. hafi orðið þær að flot flæddi gegnum götin og meðal annars yfir í eignarhluta [...] og jafnframt ofan í niðurfali í gati undir veggnum milli eignarhluta [...] og [...] og þaðan ofan í lagnir hússins. Í þessu sambandi leggi stefnendur áherslu á að umrædd frárennslisgöt hafi verið áberandi séð frá eignarhluta [...], sem framkvæmd stefnda G.S. múrverks hafi tekið til, enda hafi þau verið um 10 cm há og 25 cm breið, auk þess sem fyrir götunum hafi verið frárennslisristar sem hafi skorið sig úr frá öðrum hlutum veggisins. Hafi því mátt blasa við sérhverjum sem hafi átt leið um rými númer [...], hvað þá sérfróðum aðila eins og stefnda G.S. múrverki, að þarna hafi verið frárennslisgöt og um leið niðurföll. Að mati stefnenda hafi stefnda G.S. múrverki mátt vera fullljóst að mikil hætta hafi verið á því og raunar óhjákvæmilegt að flot myndi renna inn í frárennslisgötin, og þannig meðal annars ofan í niðurföll og lagnir, ef ekki væru gerðar viðhlítandi ráðstafanir til að fyrirbyggja að flot gæti runnið inn í götin, áður en flotun gólfsins hafi verið hafin. Allt að einu hafi stefndi G.S. múrverk ráðist í það að flota gólfið í eignarhluta [...] án þess að hafa gert neinar sjáanlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja að flot gæti runnið inn í umrædd frárennslisgöt, með þeim afleiðingum sem að framan greini. Með því að láta það hjá líða hafi stefndi G.S. múrverk sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi, sem hafi bakað honum bótaskyldu gagnvart stefnendum hvorum um sig vegna tjóns beggja stefnenda sem leiddi af þeirri háttsemi. Leiði það jafnframt til ábyrgðar stefnda Vátryggingafélags Íslands hf.

Að mati stefnenda beri við mat á bótaskyldu stefnda G.S. múrverks að beita ströngu sakarmati enda teljist stefndi G.S. múrverk í skilningi reglna skaðabótaréttar vera sérfræðingur á sviði framkvæmda af þessum toga, sem selji þjónustu sína gegn endurgjaldi. Samkvæmt almennum skyldum stefnda G.S. múrverks, eðlilegum og

sjálfsögðum vinnubrögðum sérfræðings við þessar aðstæður, hafi þessum stefnda, áður en hafi verið ráðist í framkvæmdina, borið að yfirfara rýmið með sjálfstæðum hætti og ganga úr skugga um að engin hættu væri á því að flot gæti runnið inn í frárennslisgöt og ofan í niðurföll. Stefnendur telji ljóst að það hafi stefndi G.S. múrverk látið hjá líða og þar með bakað sér bótaskyldu eftir almennum reglum skaðabótaréttar, meðal annars á grundvelli reglna og viðmiðana um bótaábyrgð sérfræðinga. Stefnendur telji þannig ljóst að stefndi G.S. múrverk hafi verið eða að minnsta kosti mátt vera meðvitaður um frárennslisgötin og þá einnig vera ljós sú mikla tjónshætta sem hafi fylgt því að þessum skyldum hafi ekki verið sinnt, sem hafi verið mjög ríkar eins og á stóð.

Stefnendur byggi þannig á því að stefndi G.S. múrverk beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnenda hvors um sig eftir almennum reglum skaðabótaréttar sem leiði af því að flot hafi runnið annars vegar inn í frárennslisgatið undir vegg milli eignarhluta [...] og [...] og yfir í síðarnefnda eignarhlutann, og hins vegar inn í frárennslisgatið undir vegg milli eignarhluta [...] og eignarhluta [...] og ofan í niðurfall sem sé staðsett inni í því gati undir veggnum og þaðan ofan í lagnir. Að mati stefnenda sé ljóst, og raunar hafið yfir vafa, að fjártjón þeirra af þessum sökum standi í orsakasambandi við skaðabótaskylda háttsemi stefnda G.S. múrverks og sé jafnframt sennileg afleiðing þeirrar háttsemi.

Bótaskylda stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. sé sem fyrr segi reist á ábyrgðartryggingu stefnda G.S. múrverks hjá þessum stefnda. Í skilmálum þeirrar tryggingar komi fram að hlutverk ábyrgðartryggingar sé að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð. Vátryggingin bæti meðal annars beint munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem falli á hann samkvæmt íslenskum lögum sem notanda húss sem notað sé við starfsemi vátryggðs, eða vegna starfsemi vátryggðs sem getið er í vátryggingarskírteini eftir því sem nánar greinir í skilmálunum.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hafi hafnað bótaskyldu gagnvart stefnendum hvorum um sig á þeim grundvelli að stefndi G.S. múrverk teljist ekki hafa sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi. Verði niðurstaða máls þessa á hinn bóginn sú að stefndi G.S. múrverk ehf. hafi bakað sér bótaskyldu gagnvart stefnendum þá leiði af því að viðurkenna beri jafnframt bótaskyldu Vátryggingafélags Íslands gagnvart stefnendum hvorum um sig vegna tjóns þeirra af völdum bótaskyldrar háttsemi stefnda G.S. múrverks líkt og stefnendur krefjist. Byggist sú krafa stefnenda á ákvæðum fyrrgreindra vátryggingarskilmála og vátryggingarsamnings stefndu og almennum reglum laga nr.

30/2004 um váttryggingarsamninga. Tekið sé fram að þótt dómkröfur stefnenda um viðurkenningu á bótaábyrgð stefnda Váttryggingafélgsins sem váttryggjanda séu byggðar á þeirri röksemd að stefndi G.S. múrverk sé bótaskyldur gagnvart stefnendum á grundvelli reglna skaðabótaréttar, hafi stefnendur allt að einu lögvarða hagsmuni af því að gera jafnframt sjálfstæðar dómkröfur um viðurkenningu á bótaskyldu stefnda G.S. múrverks, samhliða kröfum um viðurkenningu á ábyrgð stefnda Váttryggingafélagsins, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Fjártjón stefnenda hafi orsakast af því að vegna handvamar stefnda G.S. múrverks hafi flot runnið inn í frárennslisgötin; annars vegar gat milli eignarhluta [...] og [...] og yfir í eignarhluta [...] þar sem flotið hafi valdið tjóni á gólfi og veggjum og öðru sem það komst í snertingu við; hins vegar gat milli eignarhluta [...] og [...] og ofan í niðurfall sem staðsett var í gatinu undir veggnum og þaðan ofan í lagnir Hlíðasmára 8, sem hafi orðið til þess að lagnirnar hafi stíflast. Það hafi síðan leitt til þess að vatn og klóak hafi flætt upp úr niðurföllum annars staðar í húsinu, meðal annars öðrum eignarhlutum stefnanda Skjólgarðs ehf. í kjallaranum. Það hafi svo valdið skemmdum á gólfi, veggjum, lausafjarmunum og öðrum eignum.

Vegna tjónsatviksins og afleiðinga þess hafi stefnendur hvor um sig þurft að taka á sig umtalsverðan kostnað við að bæta úr afleiðingum atviksins. Meðal annars hafi verið farið í að brjóta upp gólf og vegg í eignarhlutum í kjallaranum, hreinsa og gera við lagnir, og mála gólf og vegg, allt með tilheyrandi kostnaði og tjóni fyrir stefnendur. Hvað varði stefnanda Skjólgarð hafi hann einnig þurft að taka á sig kostnað við að flytja muni úr geymslum meðan á úrbótum hafi staðið. Þá hafi stefnandi Skjólgarður orðið fyrir missi leigutekna sökum þess að geymslurnar nýttust ekki til útleigu eftir að afleiðingar tjónsatviksins hafi komið fram og þar til úrbótum hafi verið lokið. Rekstur Hafsins hafi stöðvast í 4-6 daga vegna vatnstjóns í kjölfar tjónsatburðarins.

Þar sem mál þetta sé höfðað sem viðurkenningarmál samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þurfi ekki að taka afstöðu til umfangs fjártjóns stefnenda í máli þessu, heldur nægi til viðurkenningar á bótaskyldu hvors stefndu, gagnvart hvorum stefnanda um sig, að stefnendur leiði líkur að því að þeir hafi orðið fyrir fjártjóni, sem rekja megi til bótaskyldrar háttsemi stefnda G.S. múrverks, sem stefndi Váttryggingafélag Íslands hf. beri ábyrgð á sem váttryggjandi hans. Með framlögðum gögnum og málalíbúnaði sínum að öðru leyti telji stefnendur sig hafa fullnægt þeim áskilnaði.

Stefnandi Skjólgarður ehf. kveðst hafa orðið fyrir tjóni samtals að fjárhæð 3.439.080 krónur sem er sundurliðað og rökstutt í stefnu málsins. Fjártjón stefnanda Hafsins - fiskverslunar vegna bótaskyldrar háttsemi stefnda G.S. múrverks, sem stefndu beri ábyrgð á, sé samtals 3.274.256 krónur sem er bæði sundurliðað og rökstutt í stefnu málsins.

Stefnendur kveða viðurkenningarkröfur hvors um sig ekki takmarkaðar við þá tjónsliði sem sérstaklega séu tilgreindir í stefnu, heldur nái kröfugerð stefnenda til hvers kyns tjóns stefnenda sem rakið verði til umrædds tjónsatviks, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Að því marki sem stefnendur, annar eða báðir, verði eða hafi orðið fyrir frekara tjóni en að framan greini, sem rakið verði til tjónsatviksins, þá rúmist slíkt tjón innan kröfugerðar stefnenda á hendur stefndu í máli þessu.

Stefnendur höfða málið í félagi á hendur stefndu á grundvelli 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 1. mgr. 27. gr. sömu laga, enda sé dómkröfur stefnenda hvors um sig, á hendur hvorum stefnda um sig, í öllum tilvikum að rekja til sama atviks og aðstöðu í skilningi fyrrgreindra ákvæða laga nr. 91/1991.

Hvað lagarök varðar vísa stefnendur til almennra reglna skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga, þar með talið reglna um sérfræðiábyrgð. Þá er vísað til reglna váttryggingarréttar og laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Um samlagsaðild vísast til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 1. mgr. 27. gr. sömu laga, um kröfusamlag. Um varnarþing er vísað til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 42. gr. laganna, sbr. og 41. gr. sömu laga. Um viðurkenningarkröfur er vísað til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

III

Málsástæður og lagarök stefndu

Aðalkrafa stefndu sé að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda, enda sé ósannað að meint tjón hafi komið til af atvikum sem stefndi G.S. múrverk ehf. eða starfsmenn hans beri skaðabótaábyrgð á með þeim hætti sem stefnendur halda fram og byggja kröfur sínar á. Um sé að ræða atvik sem eingöngu verði rakið til óhappatilviks sem engum verði gert að bera ábyrgð á að lögum og/eða til aðgæsluleysis stefnenda sjálfra. Eins og segi í stefnu byggi stefnendur dómkröfur sínar á hendur G.S. múrverki á almennum reglum skaðabótaréttar. Af þeim sökum gildi almennar sönnunarreglur skaðabótaréttar í þessu máli. Af þeim reglum leiði að sönnunarbyrðin um að meint tjón stefnenda sé að rekja til atvika sem stefndu beri að lögum skaðabótaábyrgð á hvíli á þeim. Þá hafi stefnendur

einnig sönnunarbyrðina fyrir því að hafa orðið fyrir tjóni og umfangi þess. Sé ekkert tilefni til þess að víkja frá þessum reglum við úrlausn málsins.

Stefnendur byggja á því að beita eigi ströngu sakarmati í þessu máli vegna þess að G.S. múrverk teljist sérfræðingur í skilningi skaðabótaréttar. Þessu mótmæli stefndu, enda verði ekki ráðið af lögum og dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands að reglur skaðabótaréttar um sérfræðiábyrgð taki almennt til iðnaðarmanna. Sérfræðiábyrgð eigi við um einstakar starfsstéttir sem hafi atvinnu af því að bjóða fram og selja sérfræðiþekkingu sína. Slíkt eigi ekki við í málinu þar sem venjuleg iðnaðarmannastörf feli hvorki í sér sérfræðirágjöf eða sérfræðilega þjónustu í skilningi skaðabótaréttar. Af þeim sökum séu ekki skilyrði til að beita ströngu sakarmati og verði meint sakarábyrgð stefnda G.S. múrverks því ekki byggð á því að reglur um sérfræðiábyrgð eigi við. Því verði að beita almennum sönnunarreglum við úrlausn málsins.

Stefndu kveðast byggja á því að stefnendur hafi ekki sannað að rekja megi meint tjón þeirra til saknæmrar vanrækslu stefnda G.S. múrverks ehf. eða starfsmanna hans. Af þeim sökum komi ekki til álita að stefnendur eigi bótarétt í málinu. Byggt sé á því að flot sem starfsmenn G.S. múrverks hafi sett á gólf í eignarhluta [...] hafi lekið inn um frárennslisgöt undir vegg milli annars vegar eignarhluta [...] og 00-04 og hins vegar milli eignarhluta [...] og [...] og ofan í niðurfall sem staðsett hafi verið undir vegg sem skilur að þessa síðastgreindu eignarhluta með þeim afleiðingum að lagnir eignarinnar stífluðust. Fyrir frárennslisgötunum hafi verið ristar sem hafi skorið sig úr frá öðrum hlutum veggisins. Þau hafi því blasað við hverjum sem átti leið um eignarhluta [...]. Sök stefnda G.S. múrverks sé í því fólgin að hafa ekki gert neinar ráðstafanir til að fyrirbyggja að flot gæti runnið í frárennslisgötin með þeim afleiðingum sem nánar sé lýst í stefnu. Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu.

Í fyrsta lagi hafi engin gögn verið lögð fram sem sanni að frárennslisgötin og/eða frárennslisristar hafi verið til staðar og verið sýnilegar á vegg í eignarhluta [...] þegar verkið hafi hafist. Hvorki ljósmyndir né teikningar liggi fyrir í málinu sem sýni frárennslisgöt og/eða frárennslisristar. Í ljósi þess að sönnunarbyrðin hvíli á stefnendum samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar og þar sem það standi þeim sem eiganda og leigutaka eignarhluta [...] nær að sanna að svona frárennslisgöt með frárennslisristum hafi verið á veggnum og öllum sýnileg þegar verkið hafi hafist verði að túlka allan vafa þeim í óhag.

Í öðru lagi séu ljósmyndir úr eignarhluta 00-04 engin sönnun fyrir því hvernig veggurinn hafi verið úr garði gerður í eignarhluta [...]. Liggi ekkert fyrir í málinu um að sú frárennslisrist sem sjáist á ljósmyndum hafi verið hinum megin við vegginn. Ljósmyndirnar sanni því ekki að eins frárennslisristar og/eða frárennslisgöt hafi verið á veggnum í eignarhluta [...].

Í þriðja lagi verði ekki ráðið af ljósmyndum úr eignarhluta [...] að frárennslisgat og/eða frárennslisrist hafi verið á veggnum í þeim eignarhluta. Ljósmyndirnar sanni því ekki heldur að einhverjar frárennslisristar og/eða frárennslisgöt hafi verið sýnilegar á veggnum í eignarhluta [...].

Í fjórða lagi sé umræddur veggur milli rýmanna eldvarnarveggur eins og merkingin El60 á teikningu beri með sér. Í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sé eldvarnarveggur skilgreindur sem veggur sem ætlaður sé til varnar því að eldur breiðist út frá þeim stað sem er að brenna án inngríps frá slökkviliði. Það gefi því auga leið að á slíkum vegg sé óheimilt að hafa gat opið í gegnum vegginn þar sem slíkt skerði brunamótstöðu veggjarins. Samkvæmt því verði að ganga út frá því að frárennslisgöt hafi ekki verið báðum megin á veggnum þannig að op sé í gegnum vegginn á milli rýmanna, það er annars vegar milli rýmanna [...] og [...] og hins vegar milli rýmanna [...] og 00-04.

Í fimmta lagi hafi starfsmenn stefnda G.S. múrverks, sem hafi unnið verkið, staðfest að engin frárennslisgöt og/eða frárennslisristar hafi verið sjáanlegt á veggnum í eignarhluta [...] þegar verkið hafi hafist. Þvert á móti hafi ekki verið nein merki á veggnum um að á honum væru frárennslisristar og/eða frárennslisgöt.

Stefndu byggi á því að starfsmenn G.S. múrverks hafi framkvæmt verkið á venjulegan og eðlilegan hátt og hafi þar af leiðandi sýnt þá aðgæslu og vandvirkni sem almennt má ætlast til af iðnaðarmönnum sem vinna við að flota gólf. Verkið hafi verið framkvæmt eins og öll önnur flotverk sem stefndi G.S. múrverk hafi tekið að sér fyrir og eftir þetta verk. Þeir hafi byrjað á því að ráðfæra sig við pípulagningarmann á vegum stefnanda Hafslins - fiskverslunar sem hafi lagt rör í gólfið sem hafi átt að flota yfir og fengið hjá honum upplýsingar um hvar niðurföll væru. Þeir hafi lokað öllum sýnilegum niðurföllum sem upplýst hafi verið um á venjulegan hátt áður en verkið hafi hafist. Samkvæmt grein 14.6.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 skuli gólfniðurföll vera staðsett þannig að auðvelt sé að komast að þeim til hreinsunar. Það gefi því auga leið að gólfniðurföll megi ekki vera undir vegg. Af þeim sökum hafi stefndi G.S. múrverk mátt gera ráð fyrir að ekkert niðurföll væri undir veggnum milli rýmanna. Hvorki

pípulagningarmaðurinn né stefnandi Hafið - fiskverslun hafi bent þeim á að niðurfalið væri falið undir veggnum.

Ekki sé venja að afla neinna sérstakra upplýsinga um hvort niðurföll leynast undir eldvarnarveggjum, enda sé slíkt ólöglegt og því alls ekki neitt sem búast megi við. Þannig sé það ekki venja að afla lagnateikninga af viðkomandi húsi áður en verk sé hafið. Í þessu tilviki hafi reyndar komið á daginn eftir að tjónið hafi átt sér stað að lagnateikningar fyrir Hlíðasmára 8 séu ekki fyrir hendi hjá byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar. Rétt sé að benda á í þessu sambandi að í bréfi stefnanda Skjólgarðs 23. mars 2018 komi fram að hann hafi kynnt fyrir meðstefnanda Hafinu - fiskverslun hvar niðurföll í rýminu séu staðsett. Sé það rétt hafi Hafinu - fiskverslun verið kunnugt um að ólöglegt opið niðurfalið væri falið undir vegg og því ekki sjáanlegt. Miðað við það liggi fyrir í málinu að báðir stefnendur hafi vitað eða mátt vita að ólöglegt opið niðurfalið hafi verið staðsett undir veggnum. Það hafi því staðið þeim nær að upplýsa stefnda G.S. múrverk um þetta við upphaf verksins, sem þeir gerðu ekki. Auk þess sé rétt að benda á að flot harðnar á sex til átta klukkustundum. Af þeim sökum hafi skaðinn verið skeður þegar starfsmaður G.S. múrverks hafi komið daginn eftir og bætt floti við þar sem sigið hafði.

Verði fallist á framangreindar málsástæður stefndu sé ljóst að ekki geti komið til bótaábyrgðar stefnda Vátryggingafélags Íslands þar sem skilyrði greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu G.S. múrverks hjá félaginu séu ekki fyrir hendi.

Að öllu þessu virtu telji stefndu að sýkna beri þá af öllum kröfum stefnenda.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu krefjist þeir til vara að sök verði skipt og að bótaréttur verði aðeins viðurkenndur í hlutfalli við þá sakarskiptingu.

Í ljósi þess að stefnendur hafi vitað að ólögleg opin niðurföll hafi verið undir veggnum og þar af leiðandi ekki sjáanleg hafi þeim borið að upplýsa G.S. múrverk um það áður en þeir hafi hafið verkið. Þá verði stefnendur að bera hallann af því að veggurinn og niðurfallið hafi ekki verið í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012. Af þeim sökum verði ekki komist hjá því að skipta sök og láta stefnendur bera stærstan hluta af tjóninu sjálfir. Eigi framangreind sjónarmið sem lýst sé hér að framan í aðalkröfu stefndu við um varakröfuna, eftir því sem við eigi.

Þá beri að takmarka viðurkenningakröfur stefnenda við raunverulegt tjón þeirra. Engar upplýsingar liggi fyrir um að sá kostnaður sem lýst sé í stefnu og þar með meint fjártjón stefnenda stafi af framangreindri meintri saknæmri háttsemi stefnda G.S. múrverks og sé raunverulegt tjón þeirra. Í því sambandi bendi stefndu á að þeim hafi ekki

verið gefinn kostur á því að gæta hagsmuna sinna áður en eða meðan á viðgerð hafi staðið. Auk þess liggi ekki fyrir í málinu mat óvilhalls matsmanns á tjóninu, þar með talið á orsökum þess og umfangi, en stefnendum hafi verið í lófa lagið að afla slíks mats. Á þessu verði stefnendur að bera hallann, enda hvíli sönnunarbyrðin á þeim. Þá sé ósannað að stefnendur hafi takmarkað tjón sitt í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar og að tillit hafi verið tekið til þeirrar meginreglu skaðabótaréttar að tjónþola verði ekki gert að bæta nýtt fyrir gamalt.

Jafnframt sé ljóst að ekki sé hægt að viðurkenna rétt stefnenda til váttryggingarbóta úr ábyrgðartryggingu stefnda G.S. múrverks hjá stefnda Váttryggingafélagi Íslands umfram það sem mælt sé fyrir um í þeim váttryggingarskilmálum sem gildi um trygginguna. Samkvæmt grein 4.1 í skilmálunum bæti þessi váttrygging aðeins beint tjón. Þannig geti aldrei komið til þess að óbeint og afleitt tjón sé bætt úr þessari tryggingu. Af þeim sökum verði alltaf að takmarka viðurkenningarkröfur stefnenda úr nefndri tryggingu við raunverulegt beint tjón stefnenda.

Stefndu vísa til almennra reglna skaðabóta- og váttryggingarréttar, laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Niðurstaða

Mál þetta er sprottið af tjóni sem stefnendur telja sig hafa orðið fyrir vegna flotunar á gólfi í kjallara hússins að Hlíðasmára 8 í Kópavogi, en stefnendur segja að flotmúr hafi flætt gegnum frárennslisgöt sem hafi verið staðsett undir vegg milli tiltekinna eignarhluta í kjallara hússins.

Krefjast stefnendur þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu, G.S. múrverks ehf. og Váttryggingafélags Íslands hf., vegna tjóns sem sé afleiðing af ætlaðri bótaskyldri háttsemi G.S. múrverks ehf. eins og lýst er nánar í dómskröfukafla stefnunnar. Viðurkenningarkrafa stefnenda er reist á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Er krafa stefnenda, hvors um sig, á hendur stefnda G.S. múrverki ehf. reist á almennum reglum um skaðabætur utan samninga, það er á almennu sakarreglunni og enn fremur á reglunni um vinnuveitendaábyrgð að því leyti sem tjón stefnenda er að rekja til bótaskyldrar starfsemi þeirra sem önnuðust verkið af hálfu stefnda G.S. múrverks ehf. Þá eru kröfur stefnenda á hendur stefnda Váttryggingafélagi Íslands hf. vegna ætlaðrar bótaábyrgðar G.S. múrverks ehf. byggðar á ábyrgðartryggingu G.S. múrverks ehf. hjá Váttryggingafélaginu.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. E-1085/2018, uppkveðnum 12. apríl 2019, voru Skjólgarður ehf., G.S. múrverk ehf. og Vátryggingafélag Íslands hf. sýknuð af kröfu Húsfélagsins Hlíðasmára 8 um skaðbætur út af sama tjónsatviki. Í málinu krafðist stefnandi þess að stefndu yrðu dæmd in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 6.696.231 króna auk dráttarvaxta og var ætluð bótaskylda stefnda G.S. múrverks ehf. byggð á almennu skaðabótareglunni. Þegar stefndi hafi flotað gólfið hafi honum mátt vera ljóst að gera þyrfti ráðstafanir vegna niðurfalls í gólfinu sem hafi verið stórt og áberandi og hafi ekki getað farið fram hjá starfsmönnum G.S. múrverks ehf. áður en flotunin hófst. Þá var enn fremur vísað til þess að stefndi gefi sig út fyrir að vera sérfræðingur á sviði flotunar gólfa og beri ábyrgð á verki starfsmanna sinna en samkvæmt reglum skaðabótaréttar beri stefndi ábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna. Krafa húsfélagsins um skaðabætur úr ábyrgðartryggingu G.S. múrverks ehf. hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. var byggð á því að G.S. múrverk ehf. hafi tekið að sér að flota gólfið og taldi húsfélagið að tjónið væri að rekja til ógætilegra vinnubragða vátryggðs. Byggist niðurstaða dómsins um sýknu stefndu á því að stefndu hafi ekki sýnt af sér saknæma og ólögmeða háttsemi við flotun gólfsins, eða þess sama verks og stefnendur í máli því sem hér er til úrlausnar stefna út af.

Í 1. og 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála segir að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Þá segir að krafa sem hefur verið dæmd að efni til verði ekki borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól. Nýju máli um slíka kröfu skal vísa frá dómi.

Í því máli sem til úrlausnar er gera stefnendur aðra atlögu að því að fá dóm um skaðabótaskyldu stefndu vegna tjóns af völdum ætlaðrar saknæmrar háttsemi stefnda G.S. múrverks ehf. við flotun á gólfi í kjallara að Hlíðasmára 8 í Kópavogi. Reisa stefnendur kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu stefnda Vátryggingafélags Íslands á ætlaðri saknæmri háttsemi starfsmanna G.S. múrverks ehf. sem vátryggingartaka.

Í forsendum héraðsdóms fyrir sýknu stefndu í fyrrnefndu máli nr. E-1085/2018 segir að ósannað teljist að niðurfall það sem um ræðir hafi verið stórt og áberandi og náð út fyrir vegg í rými númer [...]. Einnig að ósannað sé að starfsmenn stefnda G.S. múrverks ehf. hafi vitað hvernig aðstæðum við niðurföll var háttað í öðrum rýmum kjallara hússins. Þá segir orðrétt: „Þótt staðreynt sé að flot lak með einhverjum hætti ofan í frárennislagnir hússins, er ósannað að stefndi hafi mátt vita um niðurfallið inni í

millivegnum, og ósannað er að stefndi hafi að öðru leyti staðið óforsvaranlega að verkinu. Eins og mál þetta liggur fyrir er ósannað um saknæma og ólögmdæta háttsemi starfsmanna stefnda G.S. múrverks ehf. Með vísan til þess verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í þessu máli. Leiðir sú sýkna jafnframt til þess að sýkna beri tryggingafélag stefnda, Vátryggingafélag Íslands hf.“

Meðal skilyrða til að höfða viðurkenningarmál samkvæmt heimild 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að skorðið sé úr um tilvist eða efni réttinda. Með vísan til þess að þegar hefur verið dæmt um ætlaða skaðabótaskyldu stefndu í málinu út af sama tónstílviki og um ræðir í máli þessu skortir stefnendur lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr viðurkenningarkröfum sínum fyrir dómi á grundvelli ákvæðisins. Dómur Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. E-1085/2018 hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem þar er fjallað um, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Að mati dómsins er málshöfðun stefnenda í máli því sem er til úrlausnar í andstöðu við 2. mgr. 25. gr. og 1. og 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 og verður málinu því vísað frá dómi.

Samkvæmt þeirri niðurstöðu og með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnendum gert að greiða stefndu málskostnað eins og greinir í úrskurðarorði.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Skjólgarður ehf. og Hafið - fiskverslun ehf., greiði stefndu, G.S. múrverki ehf. og Vátryggingafélagi Íslands hf., óskipt 450.000 krónur í málskostnað til hvors þeirra.

Jón Höskuldsson